

## **Prettáandi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 17 desember 2015 kl. 21:00**

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson.

Katrín ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1. Fjárhagsáætlun 2017-2019 seinni umræða. **Samþykkt samhljóða**
2. Útsvarsprósenta vegna 2016. **Samþykkt óbreytt 14,48 %**
3. Laun oddvita og þóknun vegna hreppsnefndar og nefnda á vegum hreppsins og skrifstofukostnaður. **Ákveðið að laun oddvita, hreppsnefndarmanna og nefndarmanna reiknist sem hlutfall af efsta þrepi í launaflokki 149 í kjarasamningi Sambands ísl. Sveitarfélaga og SDS.**

<b>Oddviti</b>	<b>62,5 %</b>
<b>Hreppsnefndarmenn og formenn nefnda</b>	<b>5 %</b>
<b>aðrir nefndarmenn</b>	<b>3%</b>

**samþykkt samhljóða.**  
**Skrifstofukostnaður ákveðinn kr. 200.000,-**
4. Verkefnið Betra ljós. **Oddviti fór yfir stöðuna í ljósleiðaralagningunni. Farið yfir reglurnar varðandi tengingarnar. Ákvað hreppsnefnd að í staðinn fyrir styrkinn fái heimili þar sem er lögheimili tengingu án þess að greiða fyrir það. Ekki verður leyft að sú tenging fari annað en í það hús. Kaupa verður sér tengingu í önnur hús og eru útihús þar með talin. Oddvita falið að svara erindi dagsettu 15. nóvember er varðar ljósleiðramálin.**
5. Erindi vegna bókanna Ísland, atvinnuhættir og menning 2010. **Beiðni hafnað.**

Mál í vinnslu.

6. Breiðablik, upplýsingarmiðstöð og fl. **Samþykkt að fela oddvita að vinna með Svæðisgörðum að því að setja upplýsingarmiðstöð á Breiðablik, samkvæmt þeirri beiðni sem borist hefur.**

Til kynningar.

7. NH\_BSH\_Fundargerð stjórn 021115
8. Bréf dagsett 7. Október 2015 frá óbyggðanefnd þar sem tilkynnt er um frestun á málsmeðferð óbyggðarnefndar.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )

